

150/278



SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

497. fundur stjórnar SASS
haldinn á hótél Örk í Hveragerði
föstudaginn 4. september 2015 kl. 12.00

Mætt: Gunnar Þorgeirsson formaður, Eggert Valur Guðmundsson, Ágúst Sigurðsson, Sandra Dís Hafþórsdóttir, Elín Einarsdóttir, Sæmundur Helgason, Unnur Þormóðsdóttir, Anna Björg Níelsdóttir og Páll Marvin Jónsson. Einnig sat fundinn Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritaði fundargerð. Á fundinn kom einnig bæjarstjórn Hveragerðis, þ.e. Aldís Hafsteinsdóttir, Njörður Sigurðsson, Viktoría Sif Kristinsdóttir og Garðar R. Árnason. Loks kom Ragnheiður Einarsdóttir undir tölulíð 2.

Formaður bauð fundarmenn velkomna á fund stjórnar á hótél Örk í Hveragerði.

Heimsókn bæjarstjórnar Hveragerðis.

Aldís, bæjarstjóri Hveragerðis, tók undir orð formannsins og fagnaði því að nú væri stjórnarfundur SASS haldinn í Hveragerði. Hún var með fróðlega kynningu á helstu málefnum sveitarfélagsins. Hún og bæjarfulltrúarnir svöruðu framkomnum spurningum og lögðu einnig spurningar fyrir stjórn og var þeim svarað á fundinum.

Dagskrá:

- 1. Drög að dagskrá ársþings og aðalfundar SASS.**
Formaður og framkvæmdastjóri kynntu frumdrög að dagskrá komandi ársþings og aðalfundar SASS sem fram fer í Vík í Mýrdal 29. – 30. október nk. Endanlegri afgreiðslu málsins vísað til næsta fundar.
- 2. Staða almenningssamgangna á Suðurlandi.**
Fulltrúi Strætó, Ragnheiður Einarsdóttir, fór yfir þróun mála á síðustu þremur árum m.t.t. farþegafjölda og farþegatekna og þá bæði á öllu svæðinu og einnig á einstökum leiðum þess. Framkvæmdastjóra falið í samráði við Strætó, og aðra haghafa, að fara yfir reksturinn og leiðarkerfið.
- 3. Undirbúningur að fjárhagsáætlanagerð 2016 og endurskoðun ársreikninga.**
Framkvæmdastjóri kynnti að hafinn væri undirbúningur að gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2016. Hann kynnti jafnframt að efnt hefði verið til verðkönnunar meðal þriggja endurskoðunarfyrirtækja á Suðurlandi. Framkvæmdastjóra falið að ganga til samninga við það fyrirtæki sem bauð hagstæðustu kjörin og leggja samninginn fyrir stjórn á næsta fundi til staðfestingar.
- 4. Starfsmannamál.**
Fanney Björg Sveinsdóttir atvinnuráðgjafi á Höfn hefur sagt upp starfi sínu hjá SASS. Staða atvinnuráðgjafa verður auglýst laus til umsóknar um komandi helgi.

Aðsetur – Address:
Austurvegur 56
800 Selfoss
Iceland

Sími – Telephone:
480 8200

Myndsending – Fax:
480 8201

Netfang – E-mail:
sass@sudurland.is

Kennitala – Id.no.:
480775-0159



Stjórn SASS þakkar Fanneyju fyrir vel unnin störf og óskar henni velfarnaðar á nýjum vettvangi.

5. Önnur mál til kynningar og afgreiðslu.

a) **ART verkefnið.**

Er ekki á fjárlögum ríkisins árið 2016. Stjórn SASS áréttar nauðsyn þess að ríkið geri nýjan samning um ART-verkefnið þannig að hægt sé að tryggja áframhaldandi vöxt og viðgang þess til heilla fyrir ungmenni og fjölskyldur þeirra. Framkvæmdastjóra falið að fylgja málinu eftir.

b) **Svæðisskipulagsgerð á Suðurlandi.**

Formaður og framkvæmdastjóri fóru yfir stöðu málsins en tveir fundir hafa þegar verið haldnir og sá þriðji verður haldinn 22. september nk.

c) **Aðgerðir tengdar almenningsamgöngum.**

Framkvæmdastjóri sagði að SASS, SSV og Sambandið ætlaði að fara saman yfir umgjörð almenningsamgangna. Stjórn var sammála um að nauðsynlegt væri að fara yfir málið enda um mikið hagsmunamál að ræða fyrir landsbyggðina.

d) **Fjármálaráðstefna Sambandsins 24. – 25. september nk.**

Minnt var á fjármálaráðstefnuna og að þingfulltrúum væri boðið í mannfagnað kl. átta að kvöldi 24. september nk. í Akógeasalnum í Lágmúla 4.

e) **Fundur með 1. og 2. þingmanni Suðurkjördæmis.**

Formaður og framkvæmdastjóri fóru yfir fund sem haldinn var í gær með fyrsta og öðrum þingmanni Suðurkjördæmis og nokkrum starfsmönnum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.

f) **Íþrótt- og heilsufræði HÍ á Laugarvatni.**

Formaður og framkvæmdastjóri sögðu frá fundi sem haldinn var með rektor HÍ og starfsmönnum skólans. Á þeim fundi var kynnt skýrsla starfshóps HÍ sem fór yfir stöðu náms í íþrótt- og heilsufræði HÍ á Laugarvatni. Skýrsla HÍ var lögð fram til kynningar á stjórnarfundinum.

g) **Dagur íslenskrar náttúru 16. september nk.**

Sveitarfélög og landshlutasamtök hafa verið hvött til að gera eitthvað áhugavert í tilefni dags íslenskrar náttúru. Stjórn hvetur sveitarfélögin til að koma ábendingum um áhugaverð verkefni til fjölmiðla.

h) **Bókun bæjarstjórnar sveitarfélagsins Hornafjarðar 13. ágúst sl.**

"Á undanförunum árum hafa sveitarfélög og ríki staðið að uppbyggingu fræða- og menntastofnanna á landsbyggðinni. Til að þessar stofnanir geti haldið áfram að vaxa og dafna er þeim uppálagt af sveitarstjórnnum, þingi og ráðherrum að sækja í opinbera sjóði til að styðja reksturinn og stuðla að aukinni þekkingu öllum til hagsbóta. Í ljósi tveggja síðustu úthlutana úr sjóðum á vegum SASS hvetur Bæjarstjórn Hornafjarðar stjórn SASS og stjórn Uppbyggingarsjóðs Suðurlands að skoða hvernig stofnanir, opinber hlutafélög og samtök í meirihlutaeigu ríkis eða sveitarfélaga geti átt aðgang að styrkjum sem styðja við



atvinnuskapandi verkefni á Suðurlandi og efla fjölbreytileika atvinnulífs og jákvæða samfélagsþróun á Suðurlandi."

i) Erindi Ferðamálastofu - Samþætting samninga um svæðisbundið samstarf á sviði ferðamála.

Formanni og framkvæmdastjóra falið að gæta hagsmuna Suðurlands og svara erindi Ferðamálastofu í samvinnu við aðra hagsmunaaðila í landshlutanum.

Næsti fundur verður haldinn föstudaginn 2. október nk. kl. 12:00 að Flúðum í Hrunamannahreppi.

Fundi slitið kl. 15:25

Gunnar Þorgeirsson
Eggert Valur Guðmundsson
Sandra Dís Hafþórsdóttir
Ágúst Sigurðsson
Unnur Þormóðsdóttir
Elín Einarsdóttir
Sæmundur Helgason
Páll Marvin Jónsson
Anna Björg Níelsdóttir
Bjarni Guðmundsson